

Breytingar, fyrirspurnir og svör í útboði nr. 14817 Blóðskilur fyrir LSH

Síðasti dagur til þess að leggja inn fyrirspurnir eða athugasemdir er 02.03.2010. Fyrirspurnum sem berast eftir þann tíma er ekki svarað.

Birt á vefsvæði Ríkiskaupa 2. mars 2010

Leiðréttur texti í útboðsgögnum.

Í texta í kafla 1.2.4. Verð og verðbreytingar er til skiptis talað um tollgengi og meðaltals miðgengi Seðlabankans. Hið rétta er að orðinu "toll" er ofaukið og fellur út. Þær tvær (2) setningar sem um ræðir verða því svohljóðandi:

Verði veruleg breyting á gengi viðmiðunargjaldmiðils (meiri en 5%) þá er báðum aðilum heimilt að óska eftir viðræðum um breytingu á verði.

Og

Komi verðbreyting til framkvæmda, þá myndast nýtt grunnengi og forsendur fyrir breytingum verða þær sömu

Beðist er velvirðingar á þessu

Fyrri fyrirspurnir í útboði birtar 15.02.2010 og 18.02.2010

1. Fyrirspurn

Spurningin varðar grein 2.1.2.1 í útboðslýsingu og er svohljóðandi:

Snúa formerkin ekki öfugt í KUF og KoA, þ. e. 10 og 500 eru lágstu gildi en ekki hæstu gildin?

1. Svar

Svarið er nei, formerkin snúa rétt.

2. Fyrirspurn

Vísað er til fyrri fyrirspurnar (1. fyrirspurn) vegna formerkja og spurt:

Snúa formerkin rangt eða á að standa í gr. 2.1.1 að gerðar séu ákveðnar hámarkskröfur til lífsamrýmanlegrar himnu?

2. Svar

Gerðar eru lágmarkskröfur varðandi boðin hylki sbr.gr. 2.1.1. og í gr. 2.1.2.1 er í sviganum gefið upp algengt viðmið fyrir lágflæðihylki. Þetta eru lágmarkskröfur til gæða sem boðin hylki skulu standast og koma ekki til frekara mats við val tilboða. Boðin hylki sem standast þessar lágmarkskröfur mega gefa miðlungsflæði eða háflæði en þau fá engin sérstök stig fyrir það.

Virðingarfyllt

F.h. Ríkiskaupa

Ragnar Davíðsson, verkefnastjóri



RÍKISKAUP